



Stefnuræða með fjárhagsáætlun 2018 fyrri umræða 28. nóvember 2017

Inngangur

Fjárhagsáætlun Bolungarvíkurkaupstaðar sem hér er lögð fram til fyrri umræðu gerir ráð fyrir að rekstrarafgangur A-hluta verði 44 m.kr. en að samstæða A- og B-hluta skili 24 m.kr. afgangi. Gert er ráð fyrir að laun og launatengd gjöld samstæðunnar verði 574 m.kr. Jafnframt er gert ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði 136 m.kr.

Í töflunni hér að neðan koma fram helstu stærðir úr rekstrarreikningi.

Málaf.	Deild	Heiti	Framlög			Laun og launat.gj.	Önnur rekstrargjöld	Afskriftir	Gjöld samtals	Fjármagnslíðir nettó	Rekstrar niðurstaða	
			Skatttekjur	Jöfnunarsjóðs	Aðrar tekjur							Tekjur samtals
Aðalsjóður												
00		Skatttekjur	-581.859	-260.878	50	-842.687			0		-842.687	
02		Félagsþjónusta			-15.271	-15.271	42.486	79.054	121.540		106.269	
03		Heilbrigðismál				0		3.367	3.367		3.367	
04		Fræðslu- og uppeldismál			-37.427	-37.427	340.085	96.931	437.016		399.589	
05		Menningarmál			-13.521	-13.521	6.287	35.537	41.824		28.303	
06		Æskulýðs- og íþróttamál			-47.818	-47.818	51.109	65.507	116.616		68.798	
07		Brunamál og almannavarnir			-300	-300	8.946	10.534	19.480		19.180	
08		Hreinlætismál			-22.219	-22.219	2.555	26.991	29.546		7.327	
09		Skipulagsfulltrúi, skipulagsnefnd			-6.973	-6.973	1.201	21.210	22.411		15.438	
10		Umferðar- og samgöngumál			-1.425	-1.425		19.324	19.324		17.899	
11		Umhverfismál			-170	-170	1.995	15.210	17.205		17.035	
13		Atvinnumál			-2.000	-2.000		1.410	1.410		-590	
20		Framlög til B-hluta fyrirtækja				0			0		0	
21		Sameiginlegur kostnaður			-27.943	-27.943	73.059	55.775	128.834		100.891	
22		Lífeyrisskuldbindingar				0		7.500	7.500		7.500	
27		Óvenjulegir liðir				0			0		0	
28		Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				0		1.100	1.100	-8.220	-7.120	
Aðalsjóður samtals			-581.859	-260.878	-175.017	-1.017.754	527.723	439.450	0	967.173	-8.220	-58.801
Aðrir sjóðir A-hluta												
31		Eignasjóður rekstur			-91.969	-91.969	10.030	46.001	29.344	85.375	21.256	14.662
		Millifærslur A-hluta			105.958	105.958		-105.958	-105.958		0	0
A-hluti samtals			-581.859	-260.878	-161.028	-1.003.765	537.753	379.493	29.344	946.590	13.036	-44.139
Sjóðir B-hluta												
41		Hafnarsjóður rekstur			-91.160	-91.160	26.322	36.070	7.938	70.330	3.138	-17.692
43		Vatnsveita			-33.799	-33.799	6.848	8.127	4.494	19.469	4.242	-10.088
57		Félagslegar íbúðir			-20.786	-20.786	1.782	15.769	4.951	22.502	14.563	16.279
61		Fráveita			-18.077	-18.077	2.274	3.027	107	5.408	2.334	-10.335
71		Hjúkrunarheimili			-21.300	-21.300		2.682	8.828	11.510	17.274	7.484
93		Félagsheimilið			-2.800	-2.800		12.507	7.533	20.040	16.902	34.142
		Millifærslur B-hluta			1.963	1.963		-1.963	-1.963		0	0
A- og B-hluti samtals			-581.859	-260.878	-346.987	-1.189.724	574.979	455.712	63.195	1.093.886	71.489	-24.349


00 Skatttekjur

Útsvör og fasteignatekjur ásamt lóðarleigu verða 582 m.kr. á árinu 2018, en framlög Jöfnunarsjóðs eru áætluð kr. 261 m.kr. Gert er ráð fyrir að þjónustutekjur í A-hluta verði 175 m.kr. Alls er því reiknað með að tekjur A-hluta nemi 1.017 m.kr. Heildartekjur sveitarfélagsins eru hinsvegar áætlaðar 1.190 m.kr.

Skatttekjurnar, þ.e. útsvar, fasteignaskattur og lóðarleiga ásamt framlögum Jöfnunarsjóðs eru nýttar til að reka málaflokka í A-hluta, en þessar skatttekjur nema samtals 842 m.kr.

Af þeim fara 437 m.kr. í fræðslumál eða 52%, en í félagsþjónustu fara 102 m.kr. eða 14%. Þjónusta við fatlaða fellur undir þennan lið, en sveitarfélagið greiðir framlag til BsVest, sem er Byggðasamlag um málefni fatlaðs fólks á Vestfjörðum. Það er svo byggðasamlagið sem ráðstafar fjármunum til sveitarfélaganna sem sinna þjónustunni.

Í sameiginlegan kostnað, t.d. bæjarskrifstofu, bæjarstjórn og bæjarráð og ýmis samvinnuverkefni með öðrum sveitarfélögum s.s. Fjórðungssambandið, Samtök íslenskra sveitarfélaga, Náttúrustofu Vestfjarða o.þ.h. í málaflokkinn fara 129 m.kr. eða 15% skatttekna. Undir þennan lið falla einnig kynningarmál sveitarfélagsins, heimasíða o.þ.h. Æskulýðs og Íþróttamál nota 14% skatttekna, en aðrir málaflokkar fá til sín minna hlutfall skatttekna eins og sjá má á meðfylgjandi súluriti á mynd 1.



MYND 1

Útsvar

Í Bolungarvík verður útsvarsprósenta áfram 14,52% sem er leyfilegt hámarksútsvar, en flest sveitarfélög á Íslandi nýta sér leyfilegt hámarksútsvar. Af þessum 14,52% fara þó 0,77% eins og hjá öllum öðrum sveitarfélögum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að standa undir rekstri grunnskólana í landinu. Jöfnunarsjóður úthlutar svo framlaginu til sveitarfélaganna samkvæmt sérstökum úthlutunarreglum til að mæta mismiklum kostnaði allra sveitarfélaga vegna málaflokksins.

Til viðbótar fer svo 0,99% af útvarinu beint til Jöfnunarsjóðs vegna málefna fatlaðra. Þeim fjármunum úthlutar Jöfnunarsjóður einnig til til sveitarfélaga eða byggðasamlaga eftir ákveðnum reglum. Á Vestfjörðum er starfandi byggðasamlag fyrir málefni fatlaðra (BsVest) sem fær fjármunum úthlutað, en auk þeirra fjármuna sem byggðasamlagið fær frá Jöfnunarsjóði greiða sveitarfélögin beint 0,25% af útsvarinu til byggðasamlagsins. Þannig má segja að 12,51% af 14,52% útsvarsprósentu standi eftir þegar búið er að draga frá þessi framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og byggðasamlags um málefni fatlaðra.

Gert er ráð fyrir að útsvarstekjur sveitarfélagsins verði 582 m.kr. árið 2018.

Jöfnunarsjóður

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir framlög Jöfnunarsjóðs byggir á áætlun sjóðsins sjálfs. Gert er ráð fyrir því að framlög Jöfnunarsjóðs verði 261 m.kr. Hlutfall Jöfnunarsjóðs af tekjum aðalsjóðs er þá 21,9% af heildartekjum sveitarfélagsins.

Fasteignagjöld

Fasteignaskattur (A) á íbúðarhúsnæði er óbreyttur á milli ára, eða 0,5% af fasteignamati húss og lóðar. Fasteignaskattur (B) af opinberu húsnæði í eigu ríkisins er 1,32% sem er leyfilegt hámark hans. Fasteignaskattur (C) af öðrum fasteignum er 1,65%. Gert er ráð fyrir því að fasteignaskattar skili samtals 53 m.kr í tekjur og lóðarleiga 10 m.kr. í tekjur á árinu 2018.

Vatnsgjald og holræsagjöld eru óbreytt frá fyrra ári, eða 0,4% og 0,3% af fasteignamati húss og lóðar. Lóðarleiga íbúðarhúsnæðis er 1,4% af fasteignamati lóðar og önnur lóðarleiga 2,5 % af fasteignamati lóðar.

Heildargjöld á heimili fyrir sorphreinsun og eyðingu eru kr. 47.900. Gjöldin skiptast þannig að sorphreinsigjaldið er kr. 27.950 á íbúð en sorpeyðingargjaldið kr. 19.950 á íbúð og hækkar hvort um sig um kr.2.000 á milli ára, en málaflokkurinn hefur verið rekinn með tapi nokkur undanfarin ár.

Gjaldskrár

Almenn hækkun á gjaldskrár er 2,7% með nokkrum undantekningum þar sem einstakir liðir standa í stað eða hækka umfram almennar hækkanir. Hin almenna hækkun er í takt við spár Sambands íslenskra sveitarfélaga um þróun á verðlagi næsta árs.

02 Félagsþjónusta

Þótt stærsti einstaki útgjaldaliðurinn undir lið 02 Félagsþjónustu séu útgjöld vegna þjónustu við fatlaða þá segir það lítið um umfang þeirrar þjónustu á vegum sveitarfélagsins. Þau útgjöld renna að stærstum hluta til byggðasamlags um málefni fatlaðs fólks á Vestfjörðum sem síðan stýrir útgreiðslum til þeirra sveitarfélaga sem sjá um þjónustuna við þjónustuþega.

04 Fræðslu og uppeldismál

Fræðslumálin eru lang umfangsmesti málaflokkur sveitarfélagsins. Heildarútgjöld málaflokksins í áætlun hækka úr 400 m.kr. í 437 m.kr. en á móti koma tekjur af gjöldum í leikskóla og tónlistarskóla og heilsdagsskóla auk mótuneytis að fjárhæð 37 m.kr. þannig að rekstrarniðurstaða málaflokksins er 399 m.kr. sem fjármagna þarf með skatttekjum.

Grunnskólinn

Rekstrarkostnaður Grunnskólans er 261 m.kr. í fjárhagsáætlun 2018. Kjarasamningar grunnskólakennara eru lausir á þessu ári, en ekki er vitað um niðurstöðu þeirra samninga og er gert ráð fyrir sömu forsendum um almennar launahækkningar eins og þeim er spáð í greiningu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Rekstrarkostnaður mótuneytisins í Grunnskólanum er 25 m.kr., en á móti koma innheimtar tekjur uppá 14 m.kr.

Leikskólinn

Rekstrarkostnaður leikskólans að báðum deildum meðtöldum er 112 m.kr. þar af er launakostnaður leikskólans er 95 m.kr. skv. áætluninni, en annar rekstrarkostnaður er 17 m.kr. Á móti koma innheimtar tekjur sem eru u.þ.b. 18 m.kr.

Tónlistarskólinn

Rekstrarkostnaður Tónlistarskólans er 27 m.kr. þar af er launakostnaður 24 m.kr., en annar rekstrarkostnaður 3 m.kr. Innheimtar tekjur eru 3 m.kr.

05 Menningarmál

Áætlunin gerir ráð fyrir að heildarútgjöld vegna menningarmála verði 42 m.kr. að meðtalinni innri leigu. Í áætluninni er gert ráð fyrir framlagi til Sjómninjasafnsins Ósvarar, Náttúrugripasafnsins og Byggðasafns Vestfjarða og bókasafnsins, auk þess sem safnrekstur Náttúrugripasafn og Ósvarar er á fjárhagslegri ábyrgð sveitarfélagsins. Afkoma þessara liða hefur batnað á milli ára og má rekja það til aukinna tekna í Ósvör og betri reksturs á því.

Félagsheimilið sem er mikilvægur þáttur í menningarstarfseminni í bænum er rekið í sérstöku B-hluta fyrirtæki og er reiknað með að það verði rekið með 34 m.kr. tapi.

06 Æskulýðs- og íþróttamál

Heildarútgjöld vegna æskulýðs- og íþróttamála verða 116 m.kr. samkvæmt áætluninni en á móti koma tekjur að fjárhæð 48 m.kr. Það segir þó ekki alla söguna vegna innri viðskipta á milli stofnana sveitarfélagsins. Þannig kaupir t.d. grunnskólinn þjónustu af íþróttamiðstöðinni vegna leigu á íþróttasölum og sundlaug fyrir kennslu. Greiddur aðgangseyrir að íþróttamiðstöðinni er því um 25 m.kr.

Reiknað er með að peningalegir styrkir til íþróttafélaga hækki um samtals 1 m.kr. frá árinu 2017 og er það vegna fjölgunar deilda hjá UMFB, en á þessu ári hafa kraftlyftingadeild og fimleikadeild tekið til starfa innan félagsins.

Auk peningalegra styrkja hafa íþróttafélögin greiðan aðgang að íþróttamiðstöðinni, sem nýtist auðvitað félögunum á sama hátt og um fjárframlög væri að ræða.

07 Brunamál og almannavarnir

Framlög af skattfé sem fara til brunavarna eru um 19,1 m.kr. þar af er launakostnaður 10 m.kr. Gert ráð fyrir öðrum rekstrarkostnaði að fjárhæð 11 m.kr., en inni í þeirri tölu er auk ýmissa útgjalda vegna kaupa viðhalds á búnaði, innri leiga af slökkvibílum og slökkvistöð.

08 Hreinlætismál

Undir málaflokkinn falla m.a. sorphreinsun og rekstur gámastöðvar auk kostnaðar við sorpeyðingu eða urðun á sorpi. Leiga sorpílata sem sveitarfélagið leggur íbúum til er einnig inni í þessum lið auk kostnaðar vegna endurvinnslu eða endurnýtingar sorps, þar með talinn flutningskostnaður. Þá fellur kostnaður við rekstur gámastöðvar undir hreinlætismál. Reiknað er með að innheimt sorphirðu og sorpeyðingargjald nægi til að standa undir kostnaði við hirðingu og förgun heimilissorps, en halli er á rekstri gámastöðvar, þ.e. móttöku og flutningi sorps sem þangað kemur og er málaflokkurinn því að taka til sín 7,2 m.kr umfram innheimtar tekjur.

Samningur við núverandi þjónustuaðila sorphirðu rennur út að óbreyttu í lok árs 2018.

Undir hreinlætismál fellur einnig kostnaður vegna heilbrigðiseftirlits o.flr. hjá stofnunum bæjarins.

09 Skipulags og byggingarmál

Gert er ráð fyrir að nettó kostnaður við skipulags og byggingarmál verði um 15,4 m.kr. Þar er aðallega um að ræða kostnað vegna byggingarfulltrúa, og aðalskipulags- og deiliskipulagsgerðar. Í rauninni er því þó þannig farið að byggingarfulltrúi er að sinna ýmsum störfum tæknifræðings, s.s. hönnun, kostnaðaráætlunum, útboðum og verkefirliti auk þess að vinna úr ýmsum fyrirspurnum sem koma úr bæjarráði eða frá bæjarstjóra varðandi verkefni sem ráðast á í eða verið er að skoða.

Fyrir liggur að vinna þarf nýtt aðalskipulag sem taka þarf gildi 2020 og þarf að hefja vinnu við það á árinu 2018. Áætlað eru 4 m.kr. í það verkefni í fjárhagsáætlun 2018.

10 Umferðar og samgöngumál

Heildarútgjöld vegna málaflokksins eru 17,9 m.kr. Undir málaflokkinn fellur m.a. viðhald gatna og gangbrauta, götulýsing og snjómokstur.

11 Umhverfismál

Gert er ráð fyrir 17 m.kr. í þennan málaflokk sem innifelur m.a. slátt og hirðingu opinna svæða og hreinsun bæjarlandsins og að áfram verði haldið í í snyrtingu opinna svæða og að eyða ásæknum gróðri.

21 Sameiginlegur kostnaður

Til sameiginlegs kostnaðar telst kostnaður við bæjarstjórn, bæjarskrifstofu markaðs- og kynningarmál og greiðslur inn á lífeyrisskuldbindingar ásamt ýmsum kostnaði vegna samstarfs sveitarfélaga, bæði á landsvísu og fjórðungsvísu. Gert er ráð fyrir að nettó framlög í sameiginlegan kostnað verði 101 m.kr. á árinu.

Fjármagnsliðir

Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir að verðbreytingar ársins 2018 verði 2,7% og fjármagnsliðir verði neikvæðir um 8m.kr. í A-hluta en neikvæðir um 71 m.kr. í B-hluta þannig að í samstæðu A- og B-hluta eru fjármagnsliðir neikvæðir um 78 m.kr.

Eignasjóður

Í fyrri umræðu um fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að ráðstafa um 18 m.kr. í meiriháttar viðhald eigna sem tilheyra eignasjóði. Skiptingu á einstök verkefni mun bæjarráð gera tillögu um fyrir síðari umræðu um fjárhagsáætlun.

Bolungarvíkurhöfn

Gert er ráð fyrir 17 m.kr. hagnaði hjá Bolungarvíkurhöfn á árinu 2018. Hafnarstjórn leggur til að gjaldskrá hafnarinnar hækki að jafnaði um 2,7% frá gjaldskrá ársins 2017. Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að aflagjald verði óbreytt 1,55%.

Vatnsveita og fráveita

Tekjur vatnsveitunnar eru áætlaðar um 34 m.kr. Þær eru að stærstum hluta fastar tekjur af álögðum vatnsskatti sem nemur 0,4% af fasteignamati húss og lóðar, en auk þess greiða stórir notendur aukavatnsskatt. Undir annan rekstrarkostnað vatnsveitu fellur ýmiskonar viðhald í hreinsistöðvum, auk nýrra heimitauga. Þá er um að ræða rafmagn fyrir dælur og til lýsingar og hitunar o.s.frv. Gert er ráð fyrir að 10 m.kr. tekjuafgangur verði á rekstri vatnsveitunnar árið 2018.

Holræsagjald sem er 0,3% af fasteignamati húss og lóðar myndar tekjur fráveitunnar. Reiknað er með að tekjurnar nemi 18 m.kr. árið 2018. Gjöld fráveitunar með fjármagnsgjöldum nema samtals 8 m.kr og skilar fráveitan því jákvæðri rekstraniðurstöðu að upphæð 10 m.kr.

Félagslegar íbúðir

Áætlunin gerir ráð fyrir að halli verði á rekstri félagslegra íbúða að fjárhæð 16 m.kr. árið 2018.

Félagsheimili Bolungarvíkur

Gert er ráð fyrir að tekjur ársins 2018 verði 2,8 m.kr. Eins og áður hefur komið fram er sveitarfélagið að leggja stóran skerf til menningarmála með rekstri félagsheimilisins, en reiknað er með að tap af rekstri verði 34 m.kr. á árinu.

Hjúkrunarheimilið

Hjúkrunarheimilið er í eigu sveitarfélagsins og rekur húsnæðið og greiðir af þeim lánum sem á því hvílir. Í gildi er leigusamningur við velferðaráðuneytið er gert ráð fyrir að leigutekjur verði 21 m.kr. á árinu 2018. Gert er ráð fyrir því að fjármagnsliðir og afskriftir verði 26 m.kr. og annar rekstrarkostnaður 3 m.kr.

Fjárfestingar ársins – fjármögnun framkvæmda

Gert er ráð fyrir að fjárfest verði fyrir 150 m.kr. í A- og B-hluta á árinu 2018 í þeirri áætlun sem lögð er fram til fyrri umræðu. Bæjarráð mun gera tillögu um endanlega fjárhæð fjárfestingar og skiptingu á verkefni fyrir síðari umræðu um fjárhagsáætlun. Gert er ráð fyrir að veltufé frá rekstri samstæðu A- og B-hluta verði 136 m.kr. eða 11,5% af heildartekjum. Áætlunin gerir ráð fyrir lántöku að fjárhæð 140 m.kr. Gert er ráð fyrir að afborganir langtímalána verði 107 m.kr. á næsta ári.

Veltufé frá rekstri - framlegð

Veltufé frá rekstri er 136 m.kr. sem er ástættanlegt og er samkvæmt því endurgreiðslutími skulda sveitarfélagsins um 12,5 ár, en eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga miðar við að endurgreiðslutími skulda sveitarfélaga sé undir 20 árum. Til þess að standa undir auknum fjárfestingum þarf veltufé að vera viðundnandi og er það grundvöllur þess að sveitarfélagið standi undir skuldbindingum sínum.

Skuldahlutfall

Áætlunin gerir ráð fyrir að skuldahlutfall sveitarfélagsins verði í árslok 2018, m.v. 150 m.kr. fjárfestingar, 110% á árinu.

Þakkir

Bæjarstjóri vill þakka öllum forstöðumönnum og öðrum starfsmönnum sem komið hafa að vinnu við fjárhagsáætlun. Ég vill nota tækifærið og þakka sérstaklega fráfarandi fjármálastjóra sem kom að þessu sinni minna að fjárhagsáætluninni en undanfarin ár vegna kosningar hennar á Alþingi Íslendinga. Ég ítreka hér með þakkir til hennar og þakkir fyrir gott samstarf á þeim tíma sem ég hef starfað hjá bæjarfélaginu.

Þá er bæjarráði og bæjarstjórn þakkað fyrir gott samstarf við áætlunargerðina.

Fjárhagsáætlun ásamt gjaldskráum fyrir Bolungarvíkurkaupstað fjárhagsárið 2018 er hér lögð fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

**Bolungarvík, 28. nóvember 2017,
Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri**